

Enn betri

SKÓLI

Þeirra réttur - okkar skylda



Þú skólustefna

Grundtillur umskilnaðar
á alþingi
því tryggðu og samfélagslegu

Góð menntun er besta gjöfin til skólabarnsins ef við viljum búa það vel undir nýja öld. Í nútímalegu þekkingarþjóðfélagi er menntun ævistarf.

Ágæti lesandi!

Menntun er auður sem aldrei verður frá neinum tekinn. Hvert sem við förum og hvað sem við gerum búum við ætíð að góðri menntun. Hefur þú velt því fyrir þér að sex ára barn sem hefur skólagöngu næsta haust, lúkur ekki framhaldsskóla fyrr en árið 2011 eða 2012? Á næstu 13 eða 14 árum verða miklar breytingar, meiri en okkur grunar. Góð menntun er besta gjöfin til skólabarnsins ef við viljum búa það vel undir nýja öld. Í nútímalegu þekkingarþjóðfélagi er menntun ævistarf.

Árlega eru 110 til 120 þúsund Íslendingar við einhvers konar nám. Réttur þeirra allra er að fá enn betri menntun í enn betri skólum. Það er skylda mín sem menntamálaráðherra að tryggja þennan rétt. Með það í huga kynni ég megindrætti nýrrar skólastefnu í þessu riti. Efniviðinn í hana sækir ég til fjölda fólks. Hún er mótuð innan ramma nýrrar löggjafar um skólastigið fjögur, leikskóla, grunnskóla, framhaldsskóla og háskóla, sem sett hefur verið á undanförunum árum.

Hin nýja skólastefna birtist í einstökum atriðum í aðalnámskrám grunnskóla og framhaldsskóla. Lokaáfangi við gerð þeirra er að hefjast og þær lita dagsins ljós haustið 1998. Námskrárnar koma til framkvæmda stíg af stigi og þeim verður fylgt vel eftir til að tryggja nauðsynlegar umbætur í skólastarfi. Menntun kennara mun taka mið af námskránum og gera þarf átak til að tryggja endurmenntun þeirra í samræmi við nýjar kröfur. Öflugt átak við gerð námsgagna er einnig knýjandi. Ný námsgögn verða að endurspeglja áherslur nýrra aðalnámskráa. Undirbúningur þessara verkefna er þegar hafinn í menntamálaráðuneytinu.

Þótt skylda menntayfirvalda til að búa vel að öllu skólastarfi sé áréttuð, getur menntamálaráðherra einungis haft takmörkuð áhrif á námsárangur og liðan nemenda. Starfið innan skólanna sjálfra ræður úrslitum, framgangna nemenda, kennara og skólastjórnenda. Gott samstarf skólafólks og foreldra er einnig forsenda enn betri skóla, svo að ekki sé minnst á hlut skólaskrifstofa og sveitarstjórna. Foreldrar vilja að skólastarf skili árangri. Nemandum miðar ekki fram á við nema þeir beiti sjálfa sig aga og honum sé haldið uppi í skólunum. Kennarar vilja að í námskrá felist skýr markmið sem unnt sé að ná með markvissum vinnubrögðum. Þessi þrjú orð: árangur, agi og markmið, lýsa að mínum dómi inntaki góðs skólastarfs.

Of margir hafa of lengi kvartað undan því að ekki sé nóg að gert í menntamálum. Nú gefst gulllið tækifæri til að sýna í verki vilja til enn betri menntunar. Nú skólastefna er lögð fram til almennrar kynningar með ósk um viðtækar umræður og góðar ábendingar. Mið verður tekið af þeim á síðasta stigi námskrárvinnunnar. Í því skyni að ýta undir umræður er þetta rit sent á hvert heimili, en eitt megininkenni nýrrar skólastefnu er aukin upplýsingagjöf til almennings. Auk þess efni ég til kynningarfunda víða um land og sérfræðingar menntamálaráðuneytisins eru til taks fyrir þá sem vilja fræðast frekar. Á vefsíðu menntamálaráðuneytisins er unnt að nálgast mun ítarlegri upplýsingar um námskrárnar og senda má fyrirspurnir á netfang postur@mrn.stjr.is.

Með sameiginlegu átaki skulum við tryggja betri menntun. Við skulum halda þannig á málum að árið 2011 líti nýútskrifaður framhaldsskólanemi um öxl og þakki þeim sem gáfu honum góða menntun, auðæfi sem aðeins aukast en minnka ekki á lífsþögnunni. Virðum þann rétt unga fólksins með því að gera skyldu okkar í þágu enn betri skóla.

Björn Bjarnason
menntamálaráðherra





Hvað er

AÐALNÁMSKRÁ?

Hverjar eru

FORSENDUR HENNA?

4

Aðalnámskrár grunnskóla og framhaldsskóla skipta sköpum fyrir gott skólastarf. Þær eru hornsteinn þess og mæla fyrir um inntak náms og kröfur á hverju skólastigi. Þar er námsleiðum lýst og hvaða árangri þarf að ná til að ljúka þeim. Starfshættir skóla mótast einnig af aðalnámskrá.

Aðalnámskrá tónlistarskóla er í vinnslu og uppeldisáætlun fyrir leikskóla, sem er eins konar aðalnámskrá þess skólastigs, er einnig í endurskoðun.

Meðal nýmæla er að námsmarkmið eru gerð skýrari og ótvíræðari þannig að öllum verði ljóst hvaða kröfur eru gerðar til nemenda. Nemendur eiga rétt á að vita til hvers er ætlast af þeim og hver er réttur þeirra.

Nú er unnið að nýjum aðalnámskrám grunnskóla og framhaldsskóla. Námskröfur í öllum námsgreinum eru endurskoðaðar í ljósi reynslu af núgildandi námskrám sem eru frá árunum 1989 og 1990 og nýrra áherslna. Meðal nýmæla er að námsmarkmið eru gerð skýrari og ótvíræðari þannig að öllum verði ljóst hvaða kröfur eru gerðar til nemenda. Nemendur eiga rétt á að vita til hvers er ætlast af þeim og hver er réttur þeirra. Í aðalnámskrám eru einnig settar reglur um undanþágu frá námskrám fyrir nemendur með sértæka námsörðugleika. Aukin áhersla er lögð á æskilegar kennsluáferðir í aðalnámskrám.

Í öllum námsgreinum verður lögð rík áhersla á hæfni nemandans til tjáskipta, samvinnu við aðra, frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum enda skipta þessir þættir miklu um árangur í námi og starfi. Laður er grunnur að símenntun á öllum stigum formlegs skólanáms.

ÆFTIRFARANDI ÞRÍR ÞÆTTIR SKIPA ÖNDVEGI Í NÝJUM AÐALNÁMSKRÁM:

Ólíkir einstaklingar – ólíkar þarfir

Komið er til móts við ólíkar þarfir nemenda með sveigjanlegu skólakerfi og fjölbreytilegum kennsluáferðum. Markmiðið er ekki að kenna öllum það sama heldur að nemendur öðlist trausta undirstöðu á þeim námsviðum sem þeir velja. Með fjölbreytilegum kennsluáferðum verður reynt að koma til móts við einstaklinginn og námsþarfir hans.

Allir eiga jafnan rétt

Jafnrétti til náms er fólgið í því að bjóða nemendum nám og kennslu við hæfi og gefa þeim tækifæri til að spreyta sig á viðfangsefnum að eigin vali. Í þessu felast ekki endilega sömu úrræði fyrir alla heldur sambærileg og jafngild tækifæri. Verkefni skulu höfð jafnt til drengja sem stúlkna, nemenda úr dreifbýli sem þéttbýli og fatlaðra sem ófatlaðra.

Samfella milli skólastiga

Námskrár grunnskóla og framhaldsskóla eru nú endurskoðaðar sameiginlega í fyrsta skipti. Aldrei fyrr hefur verið unnið að því með þessum hætti að skapa eðlilegt samhengi á milli náms í grunnskóla og framhaldsskóla í því skyni að tryggja eðlilega stífgandi í náminu. Nú þegar leikskólinn er formlega orðinn að fyrsta skólastiginu er unnt að tryggja samfelli í námi frá upphafi skólaöngvu til námsloka.

Enn BETRI GRUNNSKÓLI


Fyrsti dagurinn í grunnskóla er stór stund fyrir alla. Þjóðfélagið hefur breyst mikið og skólaumhverfið er annað nú en í tíð foreldra grunnskólabarna. Virk þátttaka beggja kynja á vinnumarkaði er staðreynd. Með nýrri aðalnámskrá grunnskóla kemur skólinn til móts við breyttar aðstæður og tryggir nemendum þroskandi og öruggt umhverfi í einsetnum heilsdagsskóla.

Á sama tíma aukast samskipti heimila og skóla enn frekar og mikilvægt er að samstarfið byggist á trausti og gagnkvæmri virðingu.


Í fyrsta sinn er aðalnámskrá grunnskóla löguð að 10 ára grunnskóla. Núgildandi námskrá miðast hins vegar við að skólaganga hefjist við 7 ára aldur og þar með 9 ára nám í grunnskóla. Í lok grunnskóla verða nemendur því komnir lengra í námi en núgildandi námskrá gerir ráð fyrir. Námslok í grunnskóla verða sveigjanleg því að afburða-nemendum verður gefinn kostur á að ljúka grunnskólanámi ári fyrr en nú er.

6

Skólaípróttir
Lífsleikni
Heimilisfræði
Listir
Upplýsinga- og tæknimennt
Danska
Enska
Náttúrufræði
Samfélagsgreinar
Stærðfræði
Íslenska



Á næstu árum verður kennslustundafjöldi í grunnskóla aukinn verulega. Árlegur skólatími er nú um 309 stundir en skólaárið 2001-2002 verður hann orðinn 336 stundir. Um 85% kennslutímans eru bundin af aðalnámskrá að meðaltali en sveitarfélög og skólar ráðstafa um 15% tímans í 1.-8. bekk en frjálst val nemenda í 9. og 10. bekk verður allt að 30%. Eins og sést á myndinni fjölga vikustundum mest í stærðfræði, náttúrufræði, upplýsinga- og tæknimennt og ensku. Á myndinni er sýnd fækkun á kennslustundum í listum en það ræðst einungis af því að smíðar eru fluttar af listasviði yfir á nýtt upplýsinga- og tæknisvið. Listgreinarnar sjálfar fá í raun sama tíma og verið hefur til þessa.



Við upphaf grunnskóla verður lögð áhersla á greiningu á stöðu nemenda. Í því skyni verður til dæmis tekið upp sú nýjung að bjóða 6 ára nemendum lesblindupróf til að hægt sé að grípa til videigandi stuðningsaðgerða sé þeirra þörf. Staða nemenda verður metin reglulega til að hægt sé að koma til móts við ólíkar þarfir þeirra. Áfangamarkmið í grunnskóla miðast við 4. bekk, 7. bekk og 10. bekk. Þau eru meginviðmiðun fyrir mat á skólastarfi. Matíð gefur kennurum, nemendum og aðstandendum þeirra upplýsingar um stöðu nemenda í einstökum námsgreinum. Öllum grunnskólanemendum í almennu námi eru sett sömu markmið en gert er ráð fyrir að það taki þá mislangan tíma að ná þeim enda miðast námshraði við getu hvers og eins.

Reglulega verður staða nemenda metin til að hægt sé að koma til móts við ólíkar þarfir þeirra.

7



Enn **BETRI** GRUNNSKÓLI

Kjarnagreinar í grunnskóla verða íslenska og stærðfræði. Saman fá þessar tvær greinar um 37% af bundnum kennslustundum. Boðin verður sérstök íslenskukennsla fyrir nýbúa og þá nemendur sem hafa íslensku að móðurmáli en hafa dvalið lengi erlendis. Samin verður námskrá fyrir táknmáls- og íslenskukennslu heyrnarlausra nemenda.

Tekin verður upp kennsla á nýju námssviði, upplýsinga- og tæknisviði, þar sem nemendur takast á við umhverfi sitt á hagnýtan og skapandi hátt. Greinar upplýsinga- og tæknisviðs verða nýsköpun, smíði í breyttu formi og upplýsingalæsi.

Með lífsleikni, sem er ný námsgrein, er stuðlað að því að nemendur fræðist meira um réttindi sín og skyldur, fjármál, fjölskyldulíf, atvinnulíf, umhverfi, heilsuna, neytendamál, lýðræðislegt samfélag o.fl. Í lífsleikni er áhersla lögð á fíknivarnir og að einstaklingarnir efli frumkvæði sitt og sjálfstæði.

Fatlaðir nemendur stunda áfram nám samhliða ófötludum, nema annað henti þeim betur.

Kennslumaðn í skólaíþróttum verður óbreytt en inntaki kennslunnar og markmiðum breytt allnokkuð. Sérstök áhersla verður lögð á hreyfifröskapróf við upphaf skólaöngnu og markvissa kennslu einstaklinga með almennan þroska og heilbrigði nemenda að leiðarljósi. Íþróttakennslu verður beitt til að veita börnum með skertan þroska hvatningu sem jafnframt ýtir undir framfarir í öðru námi.

Á sviði listkennslu verður nokkur breyting. Með nýrri aðalnámskrá telst smíði ekki lengur til námssviðs listgreina heldur fellur hún undir svið upplýsinga- og tæknimennta í nokkuð breyttri mynd. Listgreinakennsla nær því til myndmenntar, hannyrða og tónmenntar. Að öðru leyti verður skipulag og kennslumaðn listgreina hið sama og nú er en inntaki og markmiðum verður breytt allnokkuð. Hvatt verður til þess að forskóla-kennsla tónlistarskóla verði felld inn í almennt nám í grunnskóla í sjö og átta ára bekk og að lögð verði rækt við kórstarf.

Boðin verður kennsla í nýrri námsgrein á sviði tæknimennta, nýsköpun og haðnýtingu þekkingar. Markmið hennar er þjálfun nemenda í að nýta þekkingu sína og ímyndunar-afl á haðnýtan hátt við úrlausn tæknilegra vandamála á einstökum námssviðum eða í þverfaðlegum viðfangsefnum.


Umhverfisfræðslu og hugmyndafræði sjálfbærrar þróunar verður sinnt í öllu skólstarfi.

Sérstök áhersla verður lögð á hreyfifröskapróf við upphaf skólaöngnu og markvissa kennslu einstaklinga með almennan þroska og heilbrigði nemenda að leiðarljósi.

9

Skipting kennslustunda á greinar í grunnskóla skólaárið 2001-2002:

	1. bekkur	2. bekkur	3. bekkur	4. bekkur	5. bekkur	6. bekkur	7. bekkur	8. bekkur	9. bekkur	10. bekkur
Íslenska	6	6	6	6	5	5	5	5	5	5
Stærðfræði	5	5	5	5	5	5	5	5	5	5
Samfélagsgreinar	3	3	3	3	4	4	3	3	2	2
Náttúrufræði	2	2	2	2	3	3	2	2	3	3
Enska					2	2	2	3	3	4
Danska							3	3	4	4
Upplýsinga- og tæknimennt	2	2	2	2	2	2	2	2		
Listir	4	4	4	4	4	4	4	4		
Heimilisfræði	1	1	1	1	2	2	2	2		
Lífsleikni				1	1	1	1	1	1	1
Skólaíþróttir	3	3	3	3	3	3	3	3	3	3
Samtals bundnar stundir	26	26	26	26	31	31	32	33	26	27
Val	4	4	4	3	4	4	3	4	11	10
Alls	30	30	30	30	35	35	35	37	37	37



**Nokkur
einkenni**

10

Á námi

þriggja aldurskeiða,

6-9 ára, 10-12 ára og 13-15 ára barna.

Hér að framan er greint frá megináherslum í grunnskólanámi. Hins vegar ber að hafa í huga að hvert aldurskeið í grunnskóla hefur sérstök einkenni. Eftirfarandi eru nokkur einkenni í námi 6-9 ára barna, 10-12 ára og 13-15 ára en einungis er stiklað á stóru.

Nemendur eiga að hafa öðlast grundvallarfærni í lestri, skrift og reikningi enda eru þessir þættir forsenda þess að þeir geti notið góðs af því sem grunnskólinn hefur að bjóða á öðrum sviðum.

Bræðurnir undu hag sínum vel í skólanum. Krakkarnir í bekknum voru ekki sem verstir. Þó þótti þeim sumar stelpurnar skelfing viltlausar, en ekki alveg allar. Ein stelpa hét Unnur Dóra og strákanum leyst dálitid vel á hana. Jón Oddur hafði tekið eftir því, að augað í Jóni Bjarna rann stundum til, ef hann horfði á Unni Dóru, og hún varð vöðu rjóð í kinnum, þegar hún leit á hann. Og þar sem það var venja, að Jóni Oddi leyst vel á þá sem Jóni Bjarna leyst vel á, þá leyst þeim báðum vel á Unni Dóru. Og þess vegna eltu þeir hana oft og togðu í flétturarnar á henni í frímínútum.

Meira af
Jóni Oddi og Jóni Bjarna
Guðrún Helgadóttir

6-9 ára

1.-4. bekkur

Allar námsgreinar yngstu grunnskólabarnanna eru endurskoðaðar með það í huga að nemendur hefji markvissara nám strax í 6 ára bekk og verði komnir lengra við lok fjórða bekkjar en nógildandi námskrá gerir ráð fyrir. Nokkur einkenni á námi í 1.-4. bekk eru eftirfarandi:

Náttúrufræði verður í fyrsta sinn formleg skyldunámsgrein þegar við upphaf skólaöngvu. Náttúrufræðin er kennd sem samþætt grein á yngsta aldurstigi en greinist síðar í þrjár meginstöðir: lífvisindi, efna- og edlisvisindi og jarðvisindi. Samfélagsfræði verður áfram kennd sem samþætt grein á þessu aldurskeiði.

Í lok 4. bekkjar eiga nemendur að hafa öðlast grundvallarfærni í lestri, skrift og reikningi enda eru þessir þættir forsenda þess að þeir geti notið góðs af því sem grunnskólinn hefur að bjóða á öðrum sviðum. Í fjórða bekk eiga nemendur að hafa náð góðum tókum á undirstöðvatridum lestrar þannig að þeir geti lesið texta, þekkt helstu lestrarmerki og lesið upphátt og í hljóði á sémilegum hraða. Þar að auki eiga nemendur þá að vera byrjaðir að lesa sér til skemmtunar, afþreyingar og fróðleiks og geta tjáð sig á viðunandi hátt í töluðu og rituðu máli.

Leikni á lyklaborð og ritvinnsla er forsenda þess að nemendur geti nýtt sér nútímatækni. Vélritun og ritvinnsla verða skyldunámsþættir í grunnskólum frá 4. bekk til loka grunnskóla en nú er tekið á þessum þáttum með afar mismunandi hætti í skólum. Nemendur byrja einnig að nýta sér kennsluforrit í námi á þessu aldurskeiði.

Samræmd könnunarpróf í stærðfræði og íslensku eru haldin í 4. bekk og veita þau meðal annars foreldrum mikilvægar upplýsingar um stöðu nemandans.

10-12 ára

5.-7. bekkur

Við upphaf náms í 5. bekk er kennslustundum fjölgað verulega og þunghi námsins eykst. Vikulegur stundafjöldi nemenda í 5. bekk verður 35 stundir en það er 5 stundum meira en hjá nemendum í 4. bekk. Frá og með 5. bekk verður það fullt starf að vera í grunnskóla.

Hjá Hallberu leyfði sér enginn að vera með mas eða hvíslingar. Guð hjálpi þeim sem vogaði sér slíkt. Reyndar kom það fyrir, ef Hallbera var að flýta sér að hún kenndi af slíkum fitonskrafti að smávegis okryrð eða hljóðskraf náði ekki eyrum hennar. Þá dansaði krítin um töfluna, hvein og urgadi eins og vélskófla í grjótmokstri og orðaflaumurinn af vörum kennarans var eins og jökulfljót í vorleysingum.

Mamma í uppsveiflu
Ármann Kr. Einarsson

Sú mikla áhersla sem lögð er á stærðfræði endurspeglast meðal annars í því að kennslustundum er fjölgað verulega eða um 6 vikustundir.

Breyting verður á kennslu erlendra tungumála. Enskukennsla hefst í 5. bekk, tveimur árum fyrir en nú er. Kennslutími greinarinnar eykst því um fjórðung í grunnskóla. Í upphafi verður lögð megináhersla á talað mál og hlustun en áhersla verður lögð á lestur og einfalda ritun eins fljótt og kostur er.

Dönskukennsla fær jafnmikið vægi og áður en með nýrri námskrá hefst hún í 7. bekk í stað 6. bekkjar og verður þar af leiðandi þéttari og markvissari það sem eftir er grunnskólans.

Í 5. bekk eykst kennslustundafjöldi í samfélagsgreinum, náttúrufræði og heimilisfræði um eina stund á viku. Í samfélagsfræði er megináhersla lögð á landafræði og sögu og tengsl Íslandssögu við mannkynssöguna.



Sú mikla áhersla sem lögð er á stærðfræði endurspeglast meðal annars í því að kennslustundum í stærðfræði er fjölgað verulega eða um 6 vikustundir, einkum í mið- og efstu bekkjum grunnskóla.

Kennsla í lífsleikni verður markviss hjá nemendum á þessu aldurskeiði með einni vikulegri kennslustund og er það í fyrsta sinn sem lífsleikni er gerð að skyldunámsgrein í grunnskóla.

Samræmd könnunarpróf í stærðfræði og íslensku eru haldin í 7. bekk og veita meðal annars foreldrum mikilvægar upplýsingar um stöðu nemandans.

Það var komið fram í október. Stebbi er 10 ára og þess vegna skólaskyldur. Það hafði verið ákveðið, að kennt skyldi á tveimur stöðum í hreppnum, þrjá mánuði samanlagt í hvor- um stað. Átti kennslan að standa þrjár vikur í einu á hvorum stað, en síðan skipt.

Bernskvár afdaladrengrs
Jón Kr. Ísfeld



13-15 ára

8.-10. bekkur

14

Helsta nýbreytnin hjá nemendum í 8.-10. bekk er að val og tækifæri til sérhæfingar eða undirbúnings undir tiltekid framhaldsnám aukast til muna. Markmiðið er að gera hverjum og einum kleift að leggja eigin áherslur í námi miðað við áhugasvið og framtíðaráform, til dæmis með auknu vali. Í 9. og 10. bekk verður frjálst val nemenda 30% af heildarstundafjölda.



Á þessu aldursstigi fá framúrskarandi nemendur tækifæri til að takast á við viðfangsefni á framhaldsskólastigi í ýmsum námsgreinum. Það á meðal annars við um stærðfræði enda eiga þeir að vera komnir með betri grunn í þessari mikilvægu námsgrein en áður vegna fjölgunar kennslustunda í stærðfræði í grunnskóla. Sérstök áhersla verður lögð á hagnýt viðfangsefni í náttúrufræði.

Í samfélagsgreinum verður áfram lögð áhersla á landafræði og sögukennslu í 8. - 10. bekk en einnig á þjóðfélagsfræði og íslenskt nútímasamfélag. Nemendur geta lagt stund á þýsku, frönsku eða spænsku í 9. og 10. bekk þar sem aðstæður leyfa. Þú grein, nýsköpun og hagnýting þekkingar, verður í boði á unglingsstiginu. Í lok grunnskóla er gert ráð fyrir því að nemendur hafi náð þeirri leikni í vélritun að ekki sé þörf fyrir slíka kennslu í framhaldsskólum.

Rýmri tími í efstu bekkjum grunnskólans nýtist einnig til að kynna nemendum atvinnulíf í heimabyggð sinni og húa þá undir starfsnám ef áhugi þeirra beinist til þess.

**Boðin verða sveigjanleg
námslok í grunnskóla
þannig að hluti nemenda
geti lokið grunnskólanámi
á níu árum í stað tíu.**

Samræmd próf

Í lok 10. bekkjar verða framvegis sex samræmd próf, í íslensku, stærðfræði, ensku, dönsku, samfélagsgreinum og náttúrufræði. Prófunum verður þannig fjölgað um tvö en ekki hefur verið ákveðið hvort einhver þeirra verða skylda eða hvort þau verða öll valfrjáls. Hvort nemendur þreyta prófin, kjósa að taka þau öll eða aðeins sum þeirra kann að ráðast af vali nemenda. Ekki verður dregið úr námskröfum heldur gefst nemendum kostur á að laga nám í efstu bekkjum grunnskóla að áhugasviðum sínum eða framtíðaráformum í samráði við kennara, námsráðgjafa og foreldra. Nemendur í efstu bekkjum grunnskóla þurfa góða kynningu á því hvaða tækifæri þeim bjóðast að loknum grunnskóla og leiðbeiningar um val á brautum í framhaldsskóla.

Boðin verða sveigjanleg námslok í grunnskóla þannig að hluti nemenda geti lokið grunnskólanámi á níu árum í stað tíu. Það verður til dæmis gert þannig að nemendum sem skara fram úr gefst kostur á að ljúka samræmdum prófum í lok 9. bekkjar í stað 10. bekkjar.

Þegar ég vaknaði lá það ljóst fyrir. Ég var tilneyddur að hætta í skólanum. Vissulega gróði það með nokkurri eftirsjá að ég kveddi gamla menntakvæði, en ég var þó viss um að söknuður kennaranna gróði sárari en mín. Það var ekki á hverjum degi sem gífurðamenn urðu á vegi þeirra.

Gauragangur
Ólafur Haukur Símonarson

15

Enn betri FRAMHVALD

Ég kannadist við hann,
vissi að hann hét
Kjartan. Við vorum
saman í bekk en
höfðum varla talað við
svo heitið gat, þótt hann
hefði vakið

16

forvitni mína
fyrir þá sök að
hann var í einu
álpu og ég og
hlaut því að

hugsa eins og mig
langaði að hugsa. Allir
gáfudustu menn skólans
voru einmitt í svona
álpum og þegar ég
hafði gengið í minni í
eina viku fannst mér
eins og ég gæti ort
ljóðabálk bráðum.

Íslenski draumvinn
Guðmundur Andri Thorsson

Allir nemendur sem lokið hafa grunnskólanámi geta hafið nám í framhaldsskóla. Einstaklingar sem eru að hefja framhaldsskólanám eru ólíkir hvað snertir undirbúning, þroska, áhugamál og námsgetu. Töluvert skortir á að menntakerfið taki mið af ólíkum þörfum nemenda með viðhlitandi hætti og að námsleiðir séu fjölbreyttar.

Með nýrri aðalnámskrá er leitast við að tryggja að hver einstaklingur geti fundið nám við hæfi innan veggja framhaldsskólans og að námshraði miðist að nokkru við eigin getu. Afkastamiklir nemendur geta hraðað náminu en þeir sem standa illa að vígi fá aukna aðstoð. Námið verður samfelldara, markvissara og sérhæfðara en áður.

Með því að auka hlut sérgreina og kjörsviðs fær sérnám herra hlutfall af námi til lokaprófs. Nemendur hljóta þó áfram haldgóða almenna menntun í íslensku, erlendum tungumálum og haugtingu upplýsingatækni í öllum greinum. Vonast er til að þessi áhersla geti dregið úr brottfalli nemenda sem er of mikið þótt það hafi minnkað á undanförunum árum.

Áhersla er á tungumálanám á framhaldsskólasiði. Fjölbreytni í kennslu erlendra tungumála eykst en nokkrir skólar munu sérhæfa sig í kennslu tungumála eins og japönsku, kínversku og rússnesku.

Þekking sem aflað hefur verið utan hins hefðbundna menntakerfis er í auknum mæli metin til náms á framhaldsskólasiði. Þetta er til dæmis gert með fjölgun stöðuprófa og auknum tækifærum nemenda til að taka þau. Þannig gefst öllum nemendum kostur á að sanna hæfni sína í einstökum greinum og flýta fyrir sér í námi ef þeir standast kröfur.

Upplýsingastreymi til foreldra unglinga er auknið og samskipti heimila og framhaldsskóla treyst, meðal annars með útgáfu skólanámskráa þar sem á þessu er tekið.

SSKÓLI

**Afkastamiklir
nemendur geta hraðað
náminu en þeir sem
standa illa að vígi fá
aukna aðstoð.**

Nemendur geta í auknum mæli valið á milli framhaldsskóla en eru ekki lengur eins bundnir við að fara í þann skóla sem næst þeim er. Litið er á landið sem einn námsmarkað og er fjarkennsla mikilvægt atriði í því sambandi. Aðgangur að framhaldsskólanámi með fjarkennslu verður aukinn með upplýsingatækni. Þannig verða hömlur á menntun vegna staðbundinnar einangrunar brotnar niður.

Tengsl atvinnulífs og skóla aukast með fjölgun starfsnámsbrauta og þátttöku atvinnulífsins í mótun námskrafa.

Sett verða ólík inntökuskilyrði á námsbrautir framhaldsskólans. Þau byggjast einkum á kröfum um námsárangur í þeim greinum sem mestu máli skipta á viðkomandi námsbraut. Markmiðið með inntökuskilyrðum er að gera nám á hinum ýmsu námsbrautum markvissara með tilliti til lokamarkmiðs námsins og viðkomandi nemendahóps en einnig að stemma stígu við brottfalli nemenda.

Námsframboð í öldungradeildum verður aukið, einkum á sviði starfsnáms. Áfram er gert ráð fyrir að framboð stýrist af eftirspurn.

Uppbygging

NÁMS í framhaldsskóla

18

Á framhaldsskólastigi er nemendum boðið nám við hæfi á ólíkum námsbrautum. Aukin áhersla er lögð á inntak framhaldsskólanáms með hliðsjón af lokamarkmiði hverrar námsbrautar.

Námi á framhaldsskólastigi má skipta í þrjá meginflokkka:

1. Námsbrautir til undirbúnings háskólanámi

Bóknámsbrautir til undirbúnings háskólanámi verða þrjár: tungumálabraut, náttúrufræðabraut og félagsfræðabraut.

Að auki verður þriggja ára listnámsbraut sem veitir rétt til listnáms í sérskólum og skólum á háskólastigi. Þá er hægt að meta listnám til náms á bóknámsbrautum samkvæmt sérstökum reglum þar að lútandi. Á listnámsbraut er hægt að velja um nám á þremur kjörsviðum: hönnunarsviði, myndlistarsviði og tónlistarsviði. Listnám getur farið fram í sérskólum samkvæmt námskrá menntamálaráðuneytisins eða námskrá sem ráðuneytið viðurkennir. Skilgreint verður viðbótarnám fyrir þá sem hafa lokið listnámsbraut og vilja afla sér almennari réttinda til háskólanáms.

Í tilraunaskyni verður sett á fót upplýsinga- og tæknibraut. Þar verður lögð áhersla á fræðilegt tækninám sem ætlað er að búa nemendur undir háskólanám í verkfræði, tæknifræði, tölvunarfræði og kerfisfræði eða til starfa á vinnumarkaði. Með samsetningu valgreina er brautin einnig þóður undirbúningur undir háskólanám á öðrum sviðum. Með nýju námssviði í upplýsinga- og tæknimenntun gefst skólum kjörið tækifæri til að nota nýja kennsluhætti og nýta sér upplýsingatækni nútímans til hins ýtrasta.

Sameiginlegt nám á þessum fimm námsbrautum verður að öllu jöfnu ekki meira en sem svarar einu námsári.

Gert er ráð fyrir að skólaárið 2001-2002 verði í fyrsta sinn efnt til samræmdra stúdentsprófa í íslensku, stærðfræði og ensku. Með nýrri námskrá hafa nemendur val um það hvort þeir þreyta prófin eða ekki en gera má ráð fyrir að háskólar geri töku þeirra að skilyrði fyrir innritun nemenda.

2. Starfsnám

Nám í almennum bóklefum námsgreinum á starfsnámsbrautum verður lagað að markmiðum námsbrautarinnar. Íslenskukennsla og kennsla erlendra tungumála verður, svo dæmi séu tekin, ekki endilega hin sama að inntaki á starfsnámsbraut og bóknámsbraut. Nám í almennum bóknámsgreinum á lengri námsbrautum verður ekki minna en sem svarar 24 einingum. Tillögur um nánari útfærslu á upp-byggingu starfsnámsbrauta er í höndum starfsgreinaráða sem skipuð eru aðilum vinnumarkaðarins og fulltrúum hlutadeigandi starfsgreina.

Stytttri starfsnámsbrautum, það er eins og tveggja ára brautum, verður fjölgað til að koma til móts við þarfir atvinnulífsins og margbreytilegan nemendahóp. Starfsgreinaráð skilgreina uppbyggingu og námskröfur á stuttum starfsnámsbrautum í samráði við framhaldsskóla. Nám í grunndeild iðnnáms tekur allt að tveimur árum og lýkur með lokaprófi, ólíkt því sem verið hefur.

Boðið verður hönnunarnám bæði á lista- og tæknisviði. Aukin áhersla verður á sjávarútvegsnám. Skilgreind er tveggja ára sjávarútvegsbraut og skipstjórnarnám verður lengt. Skilgreindar verða leiðir til náms á háskólastigi af starfsnámsbrautum.

3. Annað nám á framhaldsskólastigi

Eins árs almenn námsbraut er ætluð nemendum sem ekki hafa gert upp hug sinn varðandi frekara nám. Brautin er einnig ætluð þeim sem ekki hafa náð tilskildum árangri á grunnskólaprófi til að hefja nám á þeirri námsbraut sem þeir kjósa. Námi á almennri braut lýkur með lokaprófi.

Boðið verður fornám fyrir þá sem ekki hafa náð almennum inntökuskilyrðum inn á lengri námsbrautir en vilja afla sér þeirra réttinda.

Skipulagðar verða tveggja ára námsbrautir (deildir) fyrir þroskahefta og fjölfatlaða.



Stytttri starfsnámsbrautum, það er eins og tveggja ára brautum, verður fjölgað til að koma til móts við þarfir atvinnulífsins og margbreytilegan nemendahóp.

Skipulag á BÓK- NÁMSBRAUTUM

Nám á bóknámsbrautum framhaldsskóla skiptist í þrjá meginþætti:

1. Brautarkjarni: sérgreinar brautarinnar, almennar bóklegar námsgreinar og hagnýtir námsþættir sem nefnast lífsleikni. Brautarkjarninn er v.þ.b. 68% af heildarnámi.
2. Kjörsvið felur í sér sérhæfingu á sviði brautar en það getur verið um 24% af heildarnámi. Kjörsvið leiðir meðal annars til aukinnar sérhæfingar nemenda.
3. Frjálst val gefur nemanda kost á að kynna sér greinar eða námssvið sem falla utan þeirrar brautar sem hann hefur valið sem meginviðfangsefni sitt. Frjálst val getur verið allt að 8% af heildarnámi.

20

Hér eru birt þrjú dæmi um einingafjölda á bóknámsbrautum. Hafa ber í huga að nemendur geta farið fjölmarðar aðrar leiðir en hér eru nefndar. Dæmin sýna fyrst og fremst að sérhæfing nemenda eykst verulega og að munur á brautum er mun meiri en í núgildandi námskrá kjósi nemendur að fara þessar leiðir. Einnig verður nám í einstökum greinum í meira mæli lagað að sérhæfingu nemandans.

Í næsta tíma var vélritun. Laufey var ákveðin í að láta ekkert á sig fá. „Gjörna svo vel og setja blaðið í vélina, aaa með vinstri, æææ með hægri. Og nú byrjum við.“

Samstundis byrjaði vélbyssuskothróin og eftir það heyrðist ekki mannsins mál. Sumir voru að reyna að spila vélritunarlagið úr þættinum „Eftir á baugi“.

Ég um mig frá mér til mín
Pétur Gunnarsson

TUNGUMÁL BRAUT

	Kjarni	Kjörsvið	Samtals	Núgildandi námskrá
Móðurmál	15	6	21	20
Erlend tungumál	51	24	75	56
Samfélagsgreinar	9	3	12	12
Náttúrufræðigreinar	6		6	12
Stærðfræði	6		6	12
Íþróttir	8		8	8
Tölvufræði, vélritun				3
Samtals	95	33	128	123
Frjálst val			12	17
Samtals			140	140

Á þessu dæmi sést að nemandi sem velur tungumálbraut getur aukid mjög hlut erlendra tungumála í námi sínu, þ.e.a.s. úr 56 í allt að 75 einingar eftir því hvernig hann notar val sitt. Á móti getur nemandinn dregið verulega úr áherslu sinni á náttúrufræðigreinar og stærðfræði. Nemendur sem hafa áhuga á að taka meira í stærðfræði og náttúrufræðigreinum geta hins vegar notað einingar sínar á kjörsviði og í frjálstu vali til þess.

FÉLAGSFRÆÐA BRAUT

	Kjarni	Kjörsvið	Samtals	Núgildandi námskrá
Móðurmál	15	6	21	17
Erlend tungumál	30	3	33	30
Samfélagsgreinar	30	24	54	39
Náttúrufræðigreinar	6		6	12
Stærðfræði	6		6	15
Íþróttir	8		8	8
Tölvufræði, vélritun				3
Samtals	95	33	128	124
Frjálst val			12	16
Samtals			140	140

Á þessu dæmi sést að hjá nemanda sem velur félagsfræðibraut eykst hlutur samfélagsgreina mjög frá því sem nú er eða úr 39 einingum í allt að 54. Á móti getur nemandinn dregið mjög úr áherslu sinni á náttúrufræðigreinar og stærðfræði. Nemendur sem hafa áhuga á að læra meira í stærðfræði og náttúrufræðigreinum geta hins vegar notað einingar sínar á kjörsviði og í frjálstu vali til þess.

NÁTTÚRUFRÆÐA BRAUT

	Kjarni	Kjörsvið	Samtals	Núgildandi námskrá
Móðurmál	15		15	17
Erlend tungumál	27		27	27
Samfélagsgreinar	9		9	12
Náttúrufræðigreinar	21	24	45	36
Stærðfræði	15	9	24	21
Íþróttir	8		8	8
Tölvufræði, vélritun				3
Samtals	95	33	128	124
Frjálst val			12	16
Samtals			140	140

Á þessu dæmi sést að hjá nemanda sem velur náttúrufræðibraut eykst mjög áherslan á náttúrufræðigreinar og stærðfræði. Þessar greinar vaxa úr 56 einingum í 69 einingar ef nemandinn ráðstafar kjörsviði sínu á þennan hátt. Nemendur sem hafa áhuga á að læra meira, t.d. í erlendum tungumálum geta notað einingar sínar á kjörsviði og í frjálstu vali til þess.



Þriggja ára nám til STUDENTSPRÓFS

Á síðustu árum hefur verið rætt um að stytta beri námstíma til stúdentsprófs sem hér er nokkru lengri en á meðal annarra þjóða. Á sínum tíma lagði nefnd um mótun menntastefnu til að námstími til stúdentsprófs af bóknámsbrautum yrði þrjú ár í stað fjögurra og stefnt yrði að styttingu námstíma í starfsnámi. Stefnumótunarnefnd um námskrárvinnuna lagði til í skýrslu sinni til menntamálaráðherra síðastliðið vor að sama breyting yrði gerð. Ljóst er að stytting á námi til stúdentsprófs er afar flókið viðfangsefni sem getur haft mikil áhrif á inntak og rekstur skólakerfisins. Leiðir að þessu marki eru fleiri en ein, til að mynda lenging skólaársins, fækkun viðfangsefna eða hvort tveggja. Í hinum nýju námskrám er tekið nokkurt tillit til þessara sjónarmiða. Framúrskarandi nemendum er gert kleift að útskrifast úr grunnskóla eftir 9. bekk. Framhaldsskólum má einnig ljúka á þremur árum á listabraut og við sérstakar aðstæður á öðrum brautum, t.d. ef nemendur treysta sér til að taka fleiri einingar á önn en gert er ráð fyrir í aðalnámskrá. Ljóst er að ný skref verða ekki stigin í þessa átt án þess að um meiri skipulagsbreytingar verði að ræða en ráðlegt er á sama tíma og nýjar námskrár koma til sögunnar. Verður áfram unnið að þessu máli með hliðsjón af nýjum námskrám og reynslunni af þeim. Næsta skref yrði væntanlega að heimila einhverjum framhaldsskólanna að gera tilraun með þriggja ára nám til stúdentsprófs.

HELSTU BREYTI

Sjálfstæðir nemendur

Í skólum skal í senn miðlað þekkingu og lögð áhersla á sjálfstæð vinnubrögð. Nemendum skal auðvelduð upplýsingaleit, skipuleg vinnubrögð og úrlausn verkefna í samræmi við aldur þeirra og þroska. Val nemenda í efstu bekkjum grunnskóla verður aukið til muna í um 30% af námstíma í 9. og 10. bekk. Þessar breytingar kalla á aukna námsráðgjöf.

Sjálfstæðir
nemendur

Sterkari einstaklingar

Þú námsgrein, lífsleikni, verður tekin upp sem skyldunámsgrein bæði í grunnskóla og framhaldsskóla. Tilgangurinn er að stuðla að alhliða þroska nemenda og auka færni þeirra til að takast á við sibreytilegt og flókið samfélag en jafnframt varast hættur er á veginum verða, svo sem ávana- og fíkniefni. Íþróttir fá nýtt inntak og sett verða námsmarkmið fyrir dans, leikræna tjáningu og nýsköpun.

Sterkari
einstaklingar

Traustur
grunnur

Traustur grunnur

Kunnáttu í íslensku og stærðfræði er undirstaða haldgóðrar menntunar. Íslenskukennsla er áfram hornsteinn grunnskólanáms. Það verður tryggt með því að fella þjálfun í íslensku máli inn í allar námsgreinar og sjálf íslenskukennslan gerð heildstæðari. Kennslustundum í stærðfræði og náttúrufræði er fjölgað verulega. Þújar námsgreinar bætast við og allar námsgreinar eru endurskipulagðar í ljósi krafna um aukna kennslu og bættan árangur.

Tungumálabekking á heimsmælikvarða

Áhersla á tungumál er aukin verulega. Ensukennsla hefst tveimur árum fyrr en nú er og kallar sú breyting á nýjar kennsluáferðir og nýtt námsefni. Dönskukennslu verður skipað þéttar í efri bekkjum grunnskólans og nemendum býðst tveggja ára nám í þriðja máli í 9. og 10. bekk. Nám í þremur tungumálum verður skylda á öllum bóknámsbrautum framhaldsskóla og lögð er áhersla á að framhaldsskólanemum bjóðist nám í tungum fjarlægari þjóða svo sem rússnesku og málum Asíuþjóða.

22

Tungumála-
þekking á
heimsmælikvarða

NGARNAR með nýrri SKÓLASTEFNU

Sérþarfir nemenda metnar með öflugri greiningu

Áhersla er lögð á að greina stöðu nemenda, til dæmis með þeirri nýjung að foreldrum allra sex ára barna verður boðið að láta þau taka lesblindupróf. Tilgangurinn er að meta líkur á námsörðugleikum nemenda þegar í upphafi skólagöngu og bregðast við áður en í óefni er komið. Eftir 4., 7. og 10. bekk eru gefin ákvedin meginviðmið fyrir mat á stöðu nemenda.

Meira nám á skemmri tíma

Nám frá fyrsta skóladegi verður markvissara en áður þar sem aðalnámskrá tekur nú mið af því að börn hefja nám 6 ára. Núgildandi námskrá er í raun löngu úrelt því að hún var samin þegar skólaskylda miðaðist við 7 ára aldur. Með skólaskyldu 6 ára barna lengdist skólinn því um heilt ár án þess að nokkru væri bætt við kennslugreinar. Markmiðið nú er betri nýting á þeim tíma sem til ráðstöfunar er í grunnskólum. Kennslustundum í grunnskóla verður fjölgað jafnt og þétt á næstu árum, hraðari yfirferð verður og framúrskarandi nemendur fá tækifæri til að ljúka grunnskóla 15 ára. Nemendur í framhaldsskóla eiga áfram kost á að hraða námi sínu og jafnvel ljúka bóknámi á þremur árum.

Upplýsingatækni - verkfæri í öllum námsgreinum

Áhersla er lögð á að notkun upplýsingatækni verði sjálfsagt hjálpartæki í öllum námsgreinum. Upplýsingalæsi, en svo nefnist hæfni til að safna, greina og setja fram upplýsingar, verður skyldunámsgrein frá upphafi til loka grunnskóla. Þar verður rík áhersla lögð á almenna upplýsingatækni og leikni í notkun tölvu í námi og starfi. Leikni á lyklaborð og ritvinnsla verður skyldunámspáttur frá 4. bekk til loka grunnskóla þannig að ekki verður þörf fyrir slíka kennslu í framhaldsskóla. Öllum grunnskólabörnum er nauðsynlegt að hafa aðgang að marqmiðlunartölvum og netinu. Í tilraunaskyni verður sett á laggrinnar ný upplýsinga- og tæknibraut í framhaldsskólum sem meðal annars er ætlað að bæta úr þörf hins íslenska tölvuiðnaðar fyrir menntað fólk og búa nemendur undir frekara nám á þessu sviði.

Sérþarfir
nemenda metnar
með öflugri
greiningu

Meira nám
á skemmri
tíma

23

Upplýsingatækni -
verkfæri í öllum
námsgreinum